

REGLUGERÐ um birtingu niðurstaðna vegna eftirlits með áburði og fódri.

1. gr.

Markmið og gildissvið

Reglugerð þessi gildir um birtingu á niðurstöðum eftirlits með áburði og fódri. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að opinberri birtingu upplýsinga um gæði og öruggi áburðar og fódurs.

2. gr.

Birting rannsóknarniðurstaðna og eftirlitsaðgerðir í einstökum tilvikum.

Matvælastofnun er í eftirfarandi tilvikum heimilt að birta niðurstöður úr eftirliti með áburði og fódri sem er á markaði:

- a. Þegar niðurstöður úr efna- og örverugreiningum leiða í ljós að áburður eða fódur er ekki í samræmi við vörulýsingu eða ákvæði laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.
- b. Þegar niðurstöður úr efna- og örverugreiningum í vinnsluumhverfi áburðar eða fódurs leiða í ljós hættu á að óæskileg efni eða örverur smitist í áburð eða fódur.
- c. Þegar niðurstöður leiða til þess að Matvælastofnun gefur fyrirmæli um afmengun, takmarkar framleiðslu eða markaðssetningu, leggur hald á eða fer fram á förgun á áburði eða fódri.

Birting niðurstaðna skal fara fram eins fljótt og unnt er á heimasíðu stofnunarinnar. Jafnframt er Matvælastofnun með sama hætti heimilt að birta almennar upplýsingar um aðgerðir hennar eða áburðar- og fódurfyrirtækja þegar áburður eða fódur uppfyllir ekki kröfur um öryggi vörunnar.

3. gr.

Árleg skýrsla um áburð

Matvælastofnun skal árlega taka saman skýrslu með niðurstöðum úr eftirliti með áburði sem er á markaði. Í skýrslunni skal koma fram listi yfir þær vörur sem eru skráðar og eru á markaði á viðkomandi ári. Skýrslan skal innihalda niðurstöður efna- og örverugreininga en auk þess skal birta athugasemdir sem gerðar eru við merkingar á áburði. Matvælastofnun er heimilt að flokka niðurstöður eftirlitsins eftir fyrirtækjum og vöruflokkum.

Skýrslu Matvælastofnunar vegna eftirlits á einu almanaksári skal birta fyrir 1. febrúar næsta ár á eftir. Skýrsluna skal birta með rafrænum hætti á heimasíðu stofnunarinnar.

Innflytjandi eða framleiðandi áburðar skal eiga kost á að koma á framfæri athugasemdum við þann hluta skýrslunnar sem fjallar um vörur viðkomandi aðila og skal veittur 15 daga frestur til að skila inn athugasemdum. Sé ekki tekið tillit til athugasemda frá innflytjanda eða framleiðanda skal birta þær í viðauka við skýrslu Matvælastofnunar.

4. gr.

Kærur og frestun birtingar

Ákvarðanir Matvælastofnunar samkvæmt reglugerð þessari má kæra til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga. Stjórnsýslukæra frestar ekki birtingu Matvælastofnunar.

5. gr.

Lagastoð og gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. gr. a. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 291/2010 um birtingu niðurstaðna vegna eftirlits með áburði, með síðari breytingum.

Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytinu, xx. xxx 2017.

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Rebekka Hilmarsdóttir